

fulltrúi í Reykjavík, f. 7. ágúst 1907 í Reykjavík, d. 6. ágúst 1985, og k. h. **Áðalheiður Þorsteinsdóttir**, f. 2. nóv. 1917 á Litlu-Drageyri, Skorradalshr., Borg.

Námsferill: Sveinspróf í múrverki 1982. Raungreinardeildarpróf frá TÍ 1985. M.Sc.-próf í byggingarverkfræði frá Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi 1991.

Starfsferill: Við múrverk 1979-83. Verkfræðingur hjá Verkfræðistofunni Ferli frá 1991.

– K. (óg.) **Steinþóra Sigurðardóttir**, f. 26. okt. 1961 í Reykjavík, hárgreiddslumeistari.

For.: **Sigurður Jóhannsson**, bakari og mat-sveinn í Hafnarfirði, f. 18. jan. 1943 í Hafnarfirði, og k. h. **Hulda Dóra Jóhannsdóttir**, bóka-vörður, f. 25. nóv. 1943 í Vestmannaeyjum.

Börn þeirra: a) **Ingvar**, f. 22. mars 1988 í Stokkhólmi í Svíþjóð. b) **Emma**, f. 7. nóv. 1990 í Stokkhólmi. c) **Emil**, f. 8. jan. 1995 í Reykjavík.

Ásmundur Jakobsson, f. 5. júlí 1946 í Reykjavík, eðlisfræðingur í Reykjavík.

For.: **Jakob Gíslason**, rafmagnsverkfræðingur, orkumálastjóri í Reykjavík, f. 10. mars 1902 á Húsavík, d. 9. mars 1987, og k. h. **Sigríður Ásmunds-dóttir**, f. 6. ágúst 1919 á Gilsbakka, Hvítársíðuhr., Mýr.

Föðurfor.: **Gísli Ólafur Pétursson**, héraðslæknir á Húsavík og síðar á Eyrarbakka, f. 1. maí 1867 í Ána-

naustum í Reykjavík, d. 19. júní 1939, og k. h. **Áðalbjörg Jakobsdóttir**, f. 30. okt. 1879 á Grímsstöðum, Skútustaðahr., S.-Þing., d. 19. nóv. 1962.

Móðurfor.: **Ásmundur Guðmundsson**, biskup Íslands, bús. í Reykjavík, f. 6. okt. 1888 í Reykholti, Reykholtssdalshr., Borg., d. 29. maí 1969, og k. h. **Steinunn Sigríður Magnúsdóttir**, f. 10. nóv. 1894 á Gilsbakka, d. 6. des. 1976.

Námsferill: Stúdent frá MR 1966. B.Sc.-Honours próf í eðlisfræði frá University of St. Andrews í Skotlandi 1970. Framhaldsnám við Cavendish Laboratory, University of Cambridge, Englandi 1973-77.

Starfsferill: Eðlisfræðingur hjá Reiknistofnun HÍ 1970-71; við gerð ölduspárritts fyrir Norð-

ur-Atlantshaf. Starfaði við jarðeðlisfræðirannsóknir hjá jarðhitadeild Orkustofnunar 1971-73; við hugbúnaðargerð og tölvurekstur hjá sömu stofnun 1978-85. Rannsóknarstörf og framhaldsnám við Cavendish Laboratory, University of Cambridge 1973-77; sendur á þeirra vegum til Daresbury Synchrotron Laboratory í Cheshire í Englandi til þess að vinna að mælingum á speglun útfjólublás synchrotronuljóss af yfirborði „Transition Metal Dichalcogenides“. Stundakennari í tölfraði við félagsfræðideild HÍ 1971-72. Stundakennari í tölvufræði við MT 1971-72. Starfaði hjá hugbúnaðarfyrtækinu Vistfangi hf. 1986-93. Hefur starfað sjálfstætt frá 1994 við hugbúnaðargerð. Hefur unnið hugbúnaðarverkefni fyrir RARIK frá 1979; RR frá 1982 og RÚV frá 1986; sem starfsmaður Vistfangs og sem sjálfstæður verktaki.

Félags- og trúnaðarstörf: Stjórnarmaður og meðeigandi í Vistfangi hf. 1984-93.

Viðurkenningar: Var meðhöfundur með Bjarka Zóponíassyni arkitekt og Vikari Péturssyni verkfræðingi að skipulagstillögu fyrir Þingvallasvæðið, sem fékk fyrstu verðlaun í samkeppni 1972.

Ásmundur Bragi Sigvaldason, f. 24. maí 1945 í Reykjavík, byggingarverkfræðingur í Hafnarfirði.

For.: **Sigvaldi Jóhannsson**, garðyrkjumaður í Hafnarfirði, f. 14. sept. 1895 á Einfætingsgili, Óspakseyrarhr., Strand., d. 7. ágúst 1977, og k. h. **Svava Ásmunds-dóttir**, f. 24. ágúst 1912 á Neðri-Brekku, Saurbæjarhr., Dal., d. 1. febr. 1987.

Föðurfor.: **Jóhann Guðmundsson**, bóndi í Mýrartungu, Reykhólahr., A.-Barð., f. 28.

maí 1851 á Geirmundarstöðum, Hrófbergshr., Strand., d. 18. júlí 1920, og k. h. **Kristín Jónsdóttir**, f. 7. nóv. 1859 í Bæ á Bæjarnesi, Múlahr., d. 18. jan. 1933.

Móðurfor.: **Ásmundur Þórðarson**, bóndi á Neðri-Brekku, f. 1. apríl 1881 í Snartartungu, Óspakseyrarhr., d. 5. mars 1934, og k. h. **Markrún Felixdóttir**, f. 6. sept. 1885 á Kleppstöðum, Staðarhr., d. 15. des. 1981.

Námsferill: Stúdent frá MR 1965. Fyrrihluta-

